

## Nytjaskógrækt með birki – Er það hægt?

Fyrirlestur á fagráðstefnu skógræktar, Reykjanesi, 24. – 25. Mars 2011

Pröstur Eysteinnsson

Nýting birkiskóga til eldiviðartöku, kolagerðar, sem fóður fyrir búfé og sem uppspretta byggingarefnis var Íslendingum mikilvæg allt fram á miðja 20. öld. Gengið var ótæpilega á auðlindina og er hún enn mjög takmörkuð að umfangi og gæðum. Birki er nú mest gróðursetta trjategund í íslenskri skógrækt auk þess sem það fær sumsstaðar tækifæri til sjálfsáningar. Því er ástæða til að velta vöngum yfir mögulegum nytjum af þessum nýju skógum, hvort þær verði yfir höfuð einhverjar aðrar en að veita umhverfisþjónustu og hvað við getum hugsanlega gert til að auka nýtingarmöguleika í framtíðinni.

Færa má fyrir því rök að birki sé besta tegundin sem við höfum til arinviðarframleiðslu og markaður fyrir arinvið/eldivið er hér meiri en núverandi birkiskógar geta annað með góðu móti. Eftirspurn eftir birki smíðaviði, reykingarkurli og viðarkolum er hins vegar mjög lítil og markaðsþróun á nýtingu birkisafa er rétt að hefjast. Nýting annarra efna úr birki, t.d. ilmefna, er ekki hafin hér á landi. Nýtingarmöguleikar eru því mismiklir eftir afurðum, hvað minnstir í sambandi við smíðavið vegna vaxtarlags og smæðar birkisins.

Nýtingarmöguleikar eru fyrir hendi, en hvort úr þeim rætist er háð því að til verði nægilega umfangsmiklir birkiskógar með tiltölulega stórvöxnum og beinvöxnum trjám. Með kynbættum efniviði, réttu landvali og aðgerðum, s.s. áburðargjöf og klippingu, má skapa slíka skóga. Líklegt verður þó að teljast að fljótvaxnari og beinvaxnari trjáttegundir skili meiri arði.